

Togarar BÚR stöðvast vegna aðgerða LIÚ:

# Afkomu fyrirtækisins og atvinnuöryggi hundraða manna stefnt í hættu verði rekstrarskilyrðin ekki bætt

— segir Ragnar Júlíusson formaður útgerðarráðs

„ADALATRÍÐI þessa máls hlýtur að vera það að við núverandi rekstrarskilyrði hlýtur að koma til stöðvunar hjá BÚR og þar með atvinnuleysis og þess vegna munum við taka þátt í aðgerðum til að þrýsta á um bættan rekstrargrundvöll,“ sagði Ragnar Júlíusson, borgarfulltrúi og formaður útgerðarráðs Bæjarútgerðar Reykjavíkur, í samtali við Morgunblaðið. — Á fundi útgerðarráðs á miðvikudag var samþykkt að taka undir ályktun trúnaðarráðs LIÚ frá 2. september, um stöðvun flotans hinn 10. september nk.

Á fundi útgerðarráðsins var ályktun trúnaðarráðs LIÚ á dagskrá, og urðu nokkrar umræður um hana. Þá lagði Sigurjón Pétursson fram tillögu þess efnis, að útgerðarráð taki undir þær kröfur LIÚ, að útgerðinni verði tryggður vidunandi rekstrargrundvöllur, en um leið væri minnt á að BÚR hafi verið stofnuð til að tryggja atvinnuöryggi í

Reykjavík. Hún hafi oft verið rekin með halla en fengið rekstrarstyrki frá borgarsjóði vegna fyrrgreindra markmiða. Af þeim sökum vildi Sigurjón að samþykkt yrði að taka ekki þátt í aðgerðum LIÚ. — Tillaga Sigurjóns fékk aðeins þrjú atkvæði, og því ekki stuðning.

Þá var samþykkt með fjórum atkvæðum sjálfstæðismanna

gegn þremur atkvæðum vinstri flokkanna, að taka þátt í aðgerðum LIÚ. Sigurjón Pétursson lét þá bóka að hann harmaði að með þessum hætti „væri ákveðið að leiða atvinnuleysi yfir hundruð reykvisks verkafólks“ eins og hann orðaði það. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins gerðu þá einnig bókun, þar sem meðal annars sagði að stöðvun flotans væri nauðsynleg aðgerð til að þrýsta á stjórnvöld um aðgerðir til lausnar vanda fiskveiðiflotans.

Áframhaldandi hallarekstur stefni rekstri BÚR í stórhættu og þar með atvinnuöryggi starfsfólks BÚR.

Ragnar Júlíusson sagði í samtali við Mbl. að Bæjarútgerð Reykjavíkur væri aðili að LIÚ og færi því að sjálfsögðu eftir samþykktum sem þar væru gerðar til að styrkja rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Þá mætti einnig benda á að yfirleitt hefði verið haft samflot með hliðstæðum fyrirtækjum í málum sem þessum, útgerðarfélagi Akureyringa og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Fulltrúar þeirra fyrirtækja hefðu setið trúnaðarráðsfund LIÚ og báðir greitt atkvæði með stöðvun flotans. „Ég vil undirstrika það að núverandi rekstrarskilyrði stofna fyrirtækinu í stórhættu, og þar með atvinnuöryggi þúsunda manna“ sagði Ragnar að lokum.

Séð yfir sýninguna á Kjarvalsstöðum: Málverk á veggjum og skúlptúrar á gólf, flest verkin frá þessu ári.

samband okkar á milli og höfum alla tíð gert, en einkum berum við okkur saman á þessum árlegu sýningum. Því er dálítið spennandi að sjá hvað hin hafa verið að gera árið frá næstu sýningu á undan. En sú barátta og þeir erfiðleikar sem við áttum í í upphafi hafa öðru fremur tengt okkur saman.“

— En hópurinn er eldri en tíu ára, þið sýnduð fyrst skömmu eftir stríð er það ekki?

„Jú, það er rétt. Þessi sýningarhrina á nú tíu ára afmæli, en Septem-hópurinn sýndi fyrst 1947, og þar er að finna upphafið að þessu. Hópurinn hefur ekki breyst neitt frá því þá, engir nýir teknir inn, en sumir eru látnir.“

Á þessari sýningu hér eru milli 70 og 80 verk, þar af meira en tuttugu skúlptúrar eftir Sigurjón, sem mér finnst sérstaklega skemmtilegt. Hann er mjög ern og ungur í anda, þótt kominn sé yfir sjötugt.

Sýningin stendur aðeins til 20. september, þú verður endilega að koma því að, við höfum ekki nema tvær helgar. Já, já, þetta er sölu-sýning, þetta á flest að seljast. — Verði mjög stillt í hof, enda er það nú eitt það góða við að vera myndlistarmaður á Íslandi, að hér kaupir almenningur málverk, enda engin hefð fyrir því að einungis stofnanir og sérvitir auðkýfingar kaupi málverk eins og því miður er víða erlendis. — Hræddur við kreppuna? Nei, ég óttast hana ekki fyrir okkar hönd, það hefur alltaf sýnt sig að í efnahagslegum samdrætti blómstrar listin, og það eru alltaf einhverjir sem vilja mótmæla kreppunni með því að styrkja listina, við erum hvergi smeyk. — Enda sést það líka hvert sem lítið er hér á landi, að mikil gróska er í allri menningu og listsköpun,“ sagði Valtýr að lokum. — AH.

## Landið og Landnáma

eftir dr. Harald Matthíasson

„LANDIÐ og Landnáma“ nefnist ritverk í tveimur bindum eftir dr. Harald Matthíasson á Laugarvatni, sem væntanlegt er frá Bókaútgáfu Arnar og Órlygs innan skamms. Ritverkið er byggt á margra ára rannsóknum og rannsóknarferðum dr. Matthíasar um landið, þar sem hann ber saman landið og Landnámaabók.

Í verkinu er að finna kort yfir öll landnámin í landinu, fjölmargar ljósmyndir af hinum ýmsu landnámsjörðum og einnig eru í bókunum margar teikningar og myndir er Ernest Backmann myndlistarmaður hefur gert sérstaklega af þessu tilefni.

Ritverkið „Landið og Landnáma“ átti upphaflega að koma út í fyrra, en varð þá innlyksa vegna verkfalls.



# Bíll ársins 1982 RENAULT 9



## LAGLEGUR, LÉTTUR OG LIPUR

Dómnefndin sem valdi RENAULT 9 sem bíl ársins 1982, er skipuð fulltrúum allra helstu bílabygga Evrópu. Gagnrýnendum, sem vel má treysta til að velja bíl ársins 1982.

RENAULT 9 hefur einnig hlotið mikið lof þeirra leikmanna sem hafa reynsluekið honum, og komist í kynni við kosti hans. Meðal margra kosta má nefna sérhönnuð sæti, sem hafa fengið sérstaka viðurkenningu í vali bíls ársins 1982.

Gerð	Vél	Eyðsla/90 km	Verð	Gengi pr. 25/8
R9 TC	48 din	5,41	129.000.-	
R9 GTL	60 din	5,41	139.000.-	
R9 GTS	72 din	5,41	151.000.-	
R9 Automatic	68 din	6,31	156.000.-	

Fánlegir með mjög fullkomnum aukautbúnaði. Sýningarbíll á staðnum.



**KRISTINN GUÐNASON HF.**  
SUÐURLANDSBRAUT 20, SÍMI 86633